



LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2023

LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda	3
Yfirlit um afkomu.....	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9



MAÍ 2024

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem kunna að snerta spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsfólks síns. Ársverk starfsmanna voru 4.984 að meðaltali á árinu 2023.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Lögin kveða á um að reikningsskil A-hluta ríkissjóðs skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Í kjölfar breytingar á lögum um opinber fjármál hefur ríkt óvissa um meðhöndlun á fasteignum Landspítala. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum en þó er ýmis kostnaður vegna þeirra gjaldfærður auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 17.

Árið 2023 var fyrsta rekstrarárið frá því faraldur Covid-19 skall á þar sem segja má að starfsemi spítalans hafi verið komin í eðlilegt horf á ný. Faraldurinn hafði því aðeins minniháttar áhrif á fjárhag og afkomu spítalans á árinu 2023. Starfsemisaukning var mikil á árinu, einkum á sviði bráðaþjónustu, og má rekja hana til nokkurra þátta, einkum mikillar fjölgunar aldraðra og vaxandi mannfjölda sem ekki síst stafar af mikilli fjölgun aðfluttra og ferðamanna. Enn fremur er mannekla á Landspítala viðvarandi áskorun eins og víðar í heilbrigðiskerfinu.

Frá árinu 2022 hefur verið í gildi samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala um þjónustutengda fjármögnun. Árið 2023 var fyrsta samningsárið þar sem uppgjör þjónustutengdrar fjármögnunar leiddi til viðbótarfjárveitingar til Landspítala skv. reiknilíkani samningsins þar sem veitt þjónusta mæld í svo kölluðum DRG-einingum er fjármögnuð sérstaklega fari hún umfram áætlaða þjónustu (framleiðsluáætlun). Þessi breytta aðferð við fjármögnun klínískrar þjónustu spítalans gerði það að verkum að rekstrarreikningi ársins er skilað í jafnvægi þrátt fyrir mikla aukningu á starfsemi spítalans. Afkoma ársins var jákvæð um 606,6 m.kr. eða 0,6% af ríkisframlagi.

Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 43,8 m.kr. í lok ársins. Ef frá er talin neikvæð staða höfuðstóls sem rekja má til breytinga á lögum um opinber fjármál 2017 þá er höfuðstóll jákvæður um 658,0 m.kr., sjá nánar í skýringu 4. Eignir spítalans nema 27.290,0 m.kr. en skuldir eru samtals 27.333,2 m.kr.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2023 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu spítalans þann 31. desember 2023 í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2024

Runólfur Pálsson



Undirritað af:
Runólfur Pálsson
2512595429
Dags: 22.04.2024
Tími: 16:07:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 50353b0f-2815-4ba8-9684-12d974251b75

Gunnar Ágúst Beinteinsson



Undirritað af:
Gunnar Ágúst
Beinteinsson
2609663599
Dags: 22.04.2024
Tími: 12:18:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 50353b0f-2815-4ba8-9684-12d974251b75

Yfirlit um afkomu ársins 2023

Tekjur	Skýr.	2023	2022
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	5	95.145.561	92.543.883
Frestaðar tekjur	5	3.270.617	1.598.081
Tekjufært ríkisframlag samtals		98.416.178	94.141.964
 Þjónustutekjur	6	6.810.743	5.475.520
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	8	147.892	124.788
Aðrar tekjur	7	5.114.194	5.081.607
Leyfisskyld lyf og blöndunargjöld	9	5.641.088	5.431.161
Leyfisskyld lyf, endurkræfur kostnaður	9	(5.421.716)	(5.212.623)
Tekjur af starfsemi samtals		12.292.202	10.900.452
 Tekjur samtals		110.708.380	105.042.416
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	10	79.733.554	75.854.433
Vörunotkun	11	16.529.025	16.667.225
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	12	8.467.941	7.540.691
Annar rekstrarkostnaður	13	2.159.215	1.914.184
Afskriftir	15,16,18	3.236.073	1.525.647
Gjöld samtals		110.125.807	103.502.181
 Afkoma án fjármagnsliða		582.573	1.540.235
 Fjármunatekjur	14	24.010	384
 Afkoma ársins		606.583	1.540.618

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	15	318.950	203.928
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	7.041.006	6.547.580
Sjálfstæðar rekstrareiningar	18	117.430	150.192
Eignaverk vegna fasteigna	17	4.650.610	5.165.306
Hlutfjáreign	19	2.500	2.500
Fastafjármunir samtals		12.130.496	12.069.507
Veltufjármunir			
Birgðir	20	1.879.056	1.741.776
Viðskiptakröfur	21	2.335.970	2.148.491
Aðrar skammtímakröfur	21	69.634	58.375
Ríkissjóður	24	10.414.897	10.556.230
Fyrirframgreiddur kostnaður		445.970	433.979
Handbært fé	22	13.947	29.481
Veltufjármunir samtals		15.159.474	14.968.331
Eignir samtals			
		27.289.970	27.037.838

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé	4		
Höfuðstóll í ársbyrjun		(650.361)	(2.190.979)
Afkoma ársins		606.583	1.540.618
Eigið fé samtals		(43.778)	(650.361)
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldbinding	23	0	486
Frestuð framlög	25	12.140.904	12.953.047
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		1.143.908	991.335
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		(1.473.671)	(1.478.889)
Langtímaskuldir samtals		11.811.141	12.465.980
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.719.729	4.505.048
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	26	8.026.243	7.828.731
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.302.964	1.403.470
Næsta árs afborgun samninga	23	0	6.081
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		1.473.671	1.478.889
Skammtímaskuldir samtals		15.522.607	15.222.219
Skuldir samtals		27.333.748	27.688.199
Eigið fé og skuldir samtals		27.289.970	27.037.838

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2023

Handbært fé (til) frá rekstri	2023	2022
Afkoma ársins	606.583	1.540.618
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Frestaðar tekjur, gjafir og styrkir	(3.418.510)	(1.722.868)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3.235.348	1.525.627
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	423.421	1.343.377
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Breyting á birgðum	(137.280)	651.672
Breyting á rekstrartengdum kröfum	(69.397)	(1.705.264)
Breyting á rekstrartengdum skuldum	311.687	(607.918)
Handbært fé (til) frá rekstri	528.431	(318.133)
Fjárfestingarhreyfingar		
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting	(2.213.592)	(1.669.377)
Endurbætur og nýframkvæmdir	(1.082.745)	(138.351)
Fjárfestingarhreyfingar	(3.296.337)	(1.807.728)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborgun samninga	(6.567)	(4.698)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	300.465	139.904
Fjárfestingaframlag ársins	2.458.474	2.007.400
Fjármögnunarhreyfingar	2.752.372	2.142.606
Breyting á handbæru fé	(15.534)	16.746
Handbært fé í ársbyrjun	29.481	12.735
Handbært fé í árslok	13.947	29.481

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í rekstri á sjúkrahúsi og heilbrigðisþjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum. Auk þess er stuðst við lög um ársreikninga nr. 3/2006 varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS-stöðlum.

Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næsta þúsundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Viðskipti við sjálfstæðar rekstrareiningar innan samstæðu Landspítala og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ársreiknings, ásamt innbyrðisfærslum. Hagnaður/tap sem myndast hefur í innbyrðis viðskiptum hefur ekki verið eytt út.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ársreikningur Landspítala byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar frh

Innleiðingaráætlun IPSAS

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) segir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) og tóku þau ákvæði gildi frá og með 1.1.2017.

Landspítalinn fylgir innleiðingaráætlun Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis að undanskildu innleiðing á IPSAS 43 sem verður innleiddur við gildistöku staðalsins. Vegna umfangs breytinga hefur reikningsskilaráð ákveðið að fresta innleiðingu á nokkrum IPSAS-stöðlum. Innleiðing á IPSAS 13 um leigusamninga hefur helst áhrif á ársreikning Landspítala.

•IPSAS 13 um leigusamninga – Gert er ráð fyrir að þessi staðall verði leystur af hólmi með nýjum staðli IPSAS 43. Þar verða gerðar verulegar breytingar á meðhöndlun þessara þátta, sambærilegar við það sem hefur átt sér stað á almennum markaði. Frestun á innleiðingu þessa staðals hefur óveruleg áhrif á reikningsskil núna, en búast má við að nýr staðall þýði töluverðar breytingar á meðferð leigusamninga líkt og átt hefur sér stað við innleiðingu samsvarandi IFRS-staðals.

3. Starfspáttayfirlit

	Stoðsvið	Klínísk svið	Sjálfstæðar rekstrar- einingar	Utan sviða	Samtals
Tekjufært ríkisframlag ..	20.367.363	76.905.216	864.649	278.950	98.416.178
Rekstrartekjur	1.150.573	5.418.823	12.845.549	(1.600.906)	17.814.040
Tekjur samtals	21.517.936	82.324.039	13.710.197	(1.321.955)	116.230.218
Laun og tengd gjöld	11.870.809	66.485.367	1.513.371	(135.993)	79.733.554
Önnur rekstrargjöld	9.856.428	16.613.023	12.221.393	(2.800.763)	35.890.081
Gjöld samtals	21.727.237	83.098.389	13.734.764	(2.936.756)	115.623.635
Afkoma starfspátta	(209.301)	(774.350)	(24.567)	1.614.801	606.583

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2023 skiptist hann í 11 svið og skrifstofu Landspítala. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í meginráttum skipta í tiltekna starfspætti á árinu 2023. Fyrir nánari sundurliðun á fjárhæðum hér fyrir ofan vísum við í skýringu númer 30.

Skýringar frh

4. Eigið fé

Ójafnað eigið fé spítalans nam 43,8 m.kr. í lok árs. Neikvætt eigið fé, sem rekja má til launaskuldbindinga frá því í lok árs 2016 þegar breyting varð á bókunarreglum með nýjum lögum um opinber fjármál, er 701,8 m.kr. Á móti er annað eigið fé jákvætt um 658,0 m.kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2023 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 1.1.2023	51.433
Eigið fé 1.janúar 2023	(650.361)
Tekjuhalli án ríkisframlags	(97.809.595)
Ríkisframlag ársins	98.416.178
Afkoma ársins	606.583
Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 31.12.2023	658.016
Eigið fé 31.12.2023	(43.778)

5. Fjárheimildir og rekstur

	Fjárheimildir 2023	Áætlun ársins	Ársreikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld	(77.626.756)	(78.844.633)	(79.733.554)	(888.921)
Önnur rekstrargjöld	(24.404.706)	(25.904.365)	(30.426.797)	(4.522.433)
Rekstrartekjur	6.885.900	6.150.383	12.144.310	5.993.927
Rekstrarniðurstaða				582.573
Afskriftir		(3.236.073)	(3.236.073)	(0)
Fjárfestingarframlag	(2.442.200)	3.055.418	3.270.617	215.199
Framlag úr frestuðum tekjum		215.199		(215.198)
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		147.892	147.892	0
Vextir og gengismunur		0	24.010	24.010
Mismunur gjalda og tekna	(97.587.761)	(98.416.178)	(97.809.595)	606.583

Í fjárheimildum ársins 2023, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 97.587,8 m.kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir ársins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáraukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlaun í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Skýringar frh

6. Þjónustutekjur

	2023	2022
Rannsóknir	2.966.950	2.378.077
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	1.137.955	968.612
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	1.772.039	1.257.838
Sérfræðipjónusta, önnur	385.172	363.749
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta	548.627	507.243
Samtals	6.810.743	5.475.520

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma.

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt.

7. Aðrar tekjur

	2023	2022
Vörusala	3.681.344	3.112.312
Önnur seld þjónusta	390.150	1.263.562
Selt fæði	544.889	368.638
Rannsóknir - og þróunarverkefni	83.796	83.034
Leigutekjur	72.505	66.576
Aðrar tekjur	255.718	176.323
Framlög og gjafir	85.792	11.162
Samtals	5.114.194	5.081.607

Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Leigutekjur eru færðar línulega yfir leigutímann í yfirlit um afkomu.

8. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Á tímabilinu janúar til desember 2023 voru móttæknar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 300,5 m.kr. og þar af tekjufært á árinu 147,9 m.kr.

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlaun í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Skýringar frh

9. Leyfisskyld lyf

	2023	2022
Leyfisskyld lyf, sala án vsk og álagningar	5.421.715	5.212.623
Leyfisskyld lyf, blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjald	219.373	218.538
Leyfisskyld lyf, endurkræfur kostnaður	(5.421.716)	(5.212.623)
Samtals	219.373	218.538

Með nýjum lyfjalögum sem tóku gildi 1. janúar 2021 var felld á brott skilgreining á S-merktum lyfjum en víkkuð út skilgreining á leyfisskyldum lyfjum. Við breytinguna voru mörg S-merkt lyf gerð almenn og falla því ekki hér undir. Landspítalinn fær leyfisskyld lyf endurgreidd frá sérstökum fjárlagalið 08-212 sem heldur utan um kostnað lyfjanna. Eftir sitja tekjur á Landspítala sem nema blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjaldi.

10. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Föst laun	46.057.055	41.763.979
Önnur laun	19.117.109	20.320.479
Launatengd gjöld	14.559.390	13.769.974
Samtals	79.733.554	75.854.433

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.984 að meðaltali á árinu 2023, en þau voru til samanburðar 4.882 á árinu 2022. Á árinu 2023 voru 6.283 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 6.130 á árinu 2022. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

Réttindi starfsmanna til launa, árlegt orlof, starfsleyfi og önnur svipuð launaréttindi eru færð í yfirlit um afkomu þegar réttur starfsmanna til þeirra stofnast.

Skýringar frh

11. Vörunotkun

	2023	2022
Lækninga- og hjúkrunarvörur	6.306.275	5.452.011
Lyf	2.148.183	1.874.665
Lyf samkvæmt lyfseðli	3.425.132	2.931.685
Rannsóknarvörur	1.542.072	3.793.399
	13.421.662	14.051.760
Matvæli	1.485.474	1.215.914
Orkugjafar	546.355	494.484
Áskriftir vísindarita, bækur og skrifstofuvörur	247.919	234.770
Byggingavörur	330.471	295.579
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur	497.144	374.718
	3.107.362	2.615.465
Samtals	16.529.025	16.667.225

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á.

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

12. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld

	2023	2022
Sérfræðiþjónusta	2.800.427	2.131.229
Verkkaup	2.626.735	2.675.966
Leigu- og afnotagjöld	1.238.352	1.098.651
Ferðir, fundir, risna o.f.l.	450.082	379.759
Aðkeyptur akstur	823.008	792.493
Flutningaþjónusta	329.024	296.085
Annað	200.312	166.509
Samtals	8.467.941	7.540.691

13. Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Opinber gjöld og tryggingar	740.006	680.860
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna	131.620	133.759
Minniháttar tæki, áhöld og varahlutir	1.097.542	953.256
Ýmis óreglulegur kostnaður	190.047	146.309
Samtals	2.159.215	1.914.184

Fasteignagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Skýringar frh

14. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2023	2022
Vaxtatekjur	45.100	11.782
Vaxtagjöld	(10.216)	(8.057)
Gengismunur	(10.874)	(3.341)
Samtals	24.010	384

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af viðskiptakröfum. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok ársins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í afkomu ársins á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í afkomu ársins á því tímabili sem til þeirra er unnið.

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

15. Óefnislegar eignir

	Tölvukerfi	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1.1.2023	97.710	335.880	433.590
Viðbót á árinu	56.053	186.431	242.484
Selt/niðurfært á árinu	0	(89.809)	(89.809)
Stofnverð 31.12.2023	153.763	432.502	586.265
Afskriftir 1.1.2023	28.570	201.092	229.662
Afskriftir ársins	13.960	113.502	127.462
Selt/niðurfært á árinu	0	(89.809)	(89.809)
Afskriftir 31.12.2023	42.530	224.785	267.315
Bókfært verð 1.1.2023	69.140	134.788	203.928
Bókfært verð 31.12.2023	111.233	207.717	318.950
Afskriftarhlutföll	20%	20%	

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið á árinu 2016 eða fyrr, voru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar. Óefnislegar eignir, svo sem hugbúnaður, sem fjárfest var í á árunum 2017 og síðar eru færðar til eignar meðal fastafjármuna.

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verður til innan Landspítala er gjaldfærður í afkomu ársins á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

Skýringar frh

16. Varanlegir fastafjármunir (án sjálfstæðra rekstrareininga)

	Lækningatæki	Bifreiðar	Annað lausafé	Samtals
Stofnverð 1.1.2023	12.591.738	114.644	1.650.160	14.356.542
Viðbót á árinu	1.701.218	160.982	148.340	2.010.540
Selt/niðurfært á árinu	(492.691)	(27.338)	(144.479)	(664.508)
Stofnverð 31.12.2023	13.800.265	248.288	1.654.021	15.702.574
Afskriftir 1.1.2023	6.779.102	51.209	978.651	7.808.962
Afskriftir ársins	1.276.169	27.681	173.832	1.477.682
Selt/niðurfært á árinu	(458.883)	(21.714)	(144.479)	(625.076)
Afskriftir 31.12.2023	7.596.388	57.176	1.008.004	8.661.568
Bókfært verð 1.1.2023	5.812.636	63.435	671.509	6.547.580
Bókfært verð 31.12.2023	6.203.877	191.112	646.017	7.041.006
Afskriftarhlutföll	5-16,67%	10-12,5%	0-20%	

Vegna nýrra laga um opinber fjármál urðu breytingar á meðferð eignakaupa í bókhaldi Landspítala. Eignakaup sem áður voru gjaldfærð voru á árinu 2017 eignfærð. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016 voru endurmetnir og færðir til eigna á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðarávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í afkomu ársins þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar.

Söluhagnaður/-tap af sölu eigna er mismunur á söluverði að frádregnum sölukostnaði og bókfærðu verði á söludegi. Söluhagnaður/-tap er fært í yfirlit um afkomu ársins.

Skýringar frh

17. Eignaverk vegna fasteigna

Stofnverð 1.1.2023	5.165.306
Viðbót á árinu	1.082.745
Stofnverð 31.12.2023	6.248.052
Afskriftir 1.1.2023	0
Afskriftir ársins	1.597.441
Afskrift 31.12.2023	1.597.441
Bókfært verð 1.1.2023	5.165.306
Bókfært verð 31.12.2023	4.650.610

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í afkomu ársins. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti meðal langtímaskulda er bókað á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu. Á árinu 2023 var tekin ákvörðun um að afskrifa eignaverk endurbóta frá árinu 2017 til 2023. Afskrift ársins er einnig uppsöfnuð afskrift fyrri ára.

18. Sjálfstæðar rekstrareiningar

	Þvottahús	Apótek	Matsala sjúkrahótel	Samtals
Stofnverð 1.1.2023	286.308	46.808	957	334.073
Viðbót á árinu	0	0	0	0
Stofnverð 31.12.2023	286.308	46.808	957	334.073
Afskriftir 1.1.2023	154.670	28.860	351	183.881
Afskriftir ársins	27.987	4.681	95	32.763
Afskriftir verð 31.12.2023	182.657	33.541	446	216.644
Bókfært verð 1.1.2023	131.638	17.948	606	150.192
Bókfært verð 31.12.2023	103.651	13.267	511	117.429
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	0-20%	10-20%	

Nokkrar rekstrareiningar spítalans fá ekki fé til fjárfestinga af fjárfestingaframlagi skv. fjárlögum m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestingar hér skal koma frá sjóðstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara eigna. Ofangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

Skýringar frh

19. Hlutfjáreign

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 11 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 396,6 þús. kr. og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun í byrjun árs 2024 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi.

20. Vörubirgðir

	Varúðar- niðurfærsla 31.12.2023	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2023	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2022
Lækninga- og hjúkrunarvörur	21.929	375.819	336.228
Lyf	31.330	652.927	526.448
Rannsókn- og röntgenvörur	41.351	458.774	420.689
Rekstrarvörur	14.598	381.433	442.326
Matvæli	819	10.103	16.085
Samtals	110.027	1.879.056	1.741.776

Vörubirgðir eru færðar á meðalkostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist, á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

21. Skammtímakröfur

	2023	2022
Viðskiptakröfur		
Heilbrigðisstofnanir	440.870	315.620
Sjúkratryggingar Íslands	589.138	572.040
Einstaklingar	623.415	560.993
Erlendar kröfur	605.972	513.580
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir	284.646	188.929
Leyfisskyld lyf	0	187.771
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(208.072)	(190.442)
Viðskiptakröfur samtals	2.335.970	2.148.491
Aðrar skammtímakröfur	69.634	58.375
Samtals	2.405.604	2.206.866

Skýringar frh

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í lok ársins og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2023
Niðurfærslureikningur 1.1.2023	190.442
Bein afskrift tapaðar krafna	(137.813)
Framlag í niðurfærslureikning	155.442
Niðurfærslureikningur 31.12.2023	208.072

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans.

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

22. Handbært fé

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 53 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 52 og innstæða í árslok 2023 nemur samtals 1.031,7 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2023 er 236. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 67,8 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2023 um 1.065,1 m. kr.

	2023
Handbært fé Landspítala	13.947
Handbært fé - Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá	1.031.747
Handbært fé - Rannsóknar- og vísindaverkefni	1.065.140

Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýringar frh

23. Langímtaskuldbinding

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	2023	2022	2023	2022
Greiðslur á næsta reikningsári	0	6.862	0	6.081
Til greiðslu síðar	0	0	0	486
	0	6.862	0	6.567
Framtíðar vaxtagjöld	0	(295)		
Núvirtar eftirstöðvar	0	6.567		

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 28.

Skuldbinding er færð þegar stofnunin hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á útstreymi fjármuna stofnunarinnar til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð hennar á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindandi langtímasamningar sem bera vexti eru færðir á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema stofnunin hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

24. Ríkissjóður

Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða við ríkissjóð 1. janúar 2023	5.409.632
Staða orlofsskuldbindingar 1. janúar 2017	5.146.598
Staða 1.janúar 2023	10.556.230
Framlag til rekstrar	95.145.561
Fjárfestingaframlag	1.343.400
Framlag vegna eignaverka	1.098.800
Móttæknar greiðslur	(97.729.093)
Staða 31. desember 2023	10.414.898

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikning. Í lok desember 2023 nam krafa spítalans á ríkissjóð 10.414,9 m.kr. Orlofs- og frítímaréttaskuldbindingin er enn þá hluti af stöðu við ríkissjóð en sundurgreint í upphafsstöðu í samræmi við samþykkt Alþingis á ríkisreikning 2017 þann 16. maí 2019, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinganna á eigið fé.

Skýringar frh

25. Frestað framlög

	Frestað framlag v. eldri eign	Fyrirfram innheimt framlag	Framlag vegna eignaverka	Framlag vegna birgða og önnur verkefni	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.172.940	6.352.197	5.005.243	422.667	12.953.047
Framlag ársins	0	1.343.400	1.098.800	0	2.442.200
Hagnaður af sölu ...	0	16.274	0	0	16.274
Afskriftir/notkun ...	(493.149)	(964.828)	(1.597.441)	(215.199)	(3.270.617)
Staða í lok ársins	679.791	6.747.043	4.506.602	207.468	12.140.904

Fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

26. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	2023	2022
Sumarorlof	6.079.322	5.941.757
Hvildartímafrí	1.220.286	1.215.962
Vaktafrí og annar áunninn frítími	726.635	671.012
Samtals	8.026.243	7.828.731

Skuldbinding spítalans vegna orlofsréttinda og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok ársins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrimælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 var gerð sú breyting að upphafsstaðan frá 2017 var færð á móti stöðu við ríkissjóð, sjá nánar skýringu númer 24.

Skýringar frh

27. Eignir utan efnahagsreiknings

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut	22.293.386	32.039.860
Fossvogur	8.230.889	13.960.840
Landakot	2.303.170	3.794.150
Kópavogur	3.089.600	3.026.150
Kleppur	2.275.611	2.717.962
Vífilstaðir	817.280	1.405.030
Grensás	1.346.850	2.029.250
Tunguháls	915.150	954.900
Sumarhús starfsmanna	436.421	558.550
Aðrar eignir	3.280.850	4.101.620
Samtals	44.989.207	64.588.312

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok ársins 2023.

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða.

28. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Námsleyfi lækna

Í lok desember 2023 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbókaðra námsleyfa lækna samtals 954,6 m.kr.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt.

Samningar

	Skuldbinding		Til Greiðslu	
	31.12.2023	2024	2025	2026
	1.719.139	517.516	522.317	522.317
Samtals	1.719.139	517.516	522.317	522.317

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

Skýringar frh

Húsaleiga

	Skuldbinding 31.12.2023	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
Húsleiga	5.704.507	708.442	2.695.589	3.556.471
Samtals	5.704.507	708.442	2.695.589	3.556.471

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 5.704,5 m.kr. í lok árs 2023.

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

29. Fimm ára rekstraryfirlit

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2019-2023. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Fjárhæðir í millj. kr.

	2023	2022	2021	2020	2019
Tekjur	12.292	10.900	10.308	8.179	9.061
Gjöld	(106.866)	(101.975)	(92.467)	(82.885)	(76.637)
Afskriftir	(3.236)	(1.526)	(1.411)	(1.287)	(1.161)
Gjöld umfram tekjur	(97.810)	(92.601)	(83.570)	(75.993)	(68.737)
Ríkisframlag samtals	98.416	94.142	86.246	75.543	66.356
Afkoma ársins	607	1.541	2.676	(450)	(2.381)
Fastafjármunir	12.130	12.070	11.787	11.309	10.580
Veltufjármunir	15.159	14.968	13.898	9.673	7.767
Eignir samtals	27.290	27.038	25.685	20.982	18.347
Höfuðstóll	(44)	(650)	(2.191)	(4.762)	(4.312)
Langtímaskuldir	11.811	12.466	12.105	11.755	9.273
Skammtímaskuldir	15.523	15.222	15.771	13.989	13.386
Eigið fé og skuldir samtals	27.290	27.038	25.685	20.982	18.347

Skýringar frh

30. Rekstraráætlun 2023

Svið og kjarnar	2023	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Skrifstofa forstjóra	729.929	724.778	(5.151)	(0,7%)
Skrifstofa hjúkrunar	472.353	480.765	8.412	1,7%
Skrifstofa lækningar	3.749.740	3.764.514	14.774	0,4%
Próunarsvið	2.681.245	2.706.181	24.936	0,9%
Rekstrar- og mannauðssvið	14.008.831	13.685.922	(322.909)	(2,4%)
Stoðsvið	21.642.098	21.362.159	(279.938)	(1,3%)
Lyflækninga- og bráðasvið	15.173.891	15.078.952	(94.939)	(0,6%)
Hjarta-, æða- og krabbameinssvið	11.044.303	10.545.665	(498.638)	(4,7%)
Skurðlækningasvið	19.499.156	19.613.769	114.613	0,6%
Kvenna- og barnasvið	9.348.095	9.227.186	(120.909)	(1,3%)
Öldrunar- og endurhæfingarsvið	6.781.066	6.838.462	57.396	0,8%
Geðsvið	7.234.185	7.253.578	19.393	0,3%
Klínískt þjónustusvið	8.422.652	8.217.456	(205.196)	(2,5%)
Klínísk svið	77.503.348	76.775.069	(728.280)	(0,9%)
Ósjúkratryggðir	(1.711.016)	(1.052.605)	658.410	(62,6%)
Landspítali sameiginlegt	375.165	429.048	53.883	12,6%
Leyfisskyld lyf	0	0	0	0,0%
Miðlæg verkefni	0	902.508	902.508	100,0%
Utan sviða	(1.335.851)	278.950	1.614.801	578,9%
Samtals 2023	97.809.595	98.416.178	606.583	0,6%

